

Ungmennaráð Garðabæjar

Erindisbréf

Bæjarstjórn Garðabæjar skipar ellefu fulltrúa á aldrinum ~~13—17~~ 14 - 20 ára í ungmennaráð Garðabæjar að fengnum tilnefningum og skulu þeir eiga lögheimili í Garðabæ. Skipunartími ráðsins er tvö ár hvers einstaklings er að hámarki fram að 20 ára aldri. Annað hvert ár verður kallað eftir nýjum fulltrúum og skulu ~~fulltrúar þess~~þeir skipaðir á fundi bæjarstjórnar í september ~~annað hvert ár~~.

Nemendafélag Sjálandsskóla skal tilnefna tvo fulltrúa og einn til vara, nemendafélag Garðaskóla skal tilnefna þrjá fulltrúa og tvo til vara, nemendafélag Álftanesskóla skal tilnefna þrjá fulltrúa og tvo til vara, nemendafélag Fjölbrautaskólans í Garðabæ skal tilnefna tvo fulltrúa og einn til vara. Þá skal íþrótt- og tómstundaráð tilnefna einn fulltrúa og einn til vara úr röðum framhaldskólanema sem stunda nám utan Garðabæjar. Einnig skal hafa opinn fund á 2ja ára fresti þar sem öðrum ungmennum í Garðabæ er boðið að taka þátt í vinnu ráðsins.

Ungmennaráð Garðabæjar skal vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í bæjarfélaginu. Ráðið skal starfa undir stjórn bæjarstjóra sem getur tilnefnt sérstakan tengilið sem starfar með ráðinu og er því til aðstoðar. Bæjarstjóri hlutast til um að boða nýskipað ráð til fyrsta fundar.

Ráðið skiptir með sér verkum hvað varðar fundarstjórn og ritun fundargerðir.

Hlutverk

- Ungmennaráðinu er meðal annars ætlað að skapa vettvang og leiðir til þess að gera ungu fólki kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila.
- Að veita þátttakendum í ráðinu, fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og vettvang til að þjálfar sig í slíkum vinnubrögðum.
- Að vera bæjaryfirvöldum til ráðgjafar varðandi aðstöðusköpun og afþreyingarmöguleika ungs fólks.
- Að koma tillögum og skoðunum ungs fólks til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Starfshættir

Ungmennaráð kemur að jafnaði saman einu sinni í mánuði og oftast ef þörf krefur. Ungmennaráð tekur sér sumarfrí í júní, júlí og ágúst.

Ungmennaráð skal halda fundargerðir og skal ritari skrá þær. Skrá skal hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Ritari ungmennaráðsins sendir bæjarstjórn fundargerð ráðsins og fulltrúum í ráðinu afrit af

fundargerð. Fundargerðir ungmennaráðs skulu einnig sendar til forvarnanefndar, fjölskylduráðs íþróttar- og tómstundaráðs og skólanefndar.

Bæjarstjóri eða skipaður tengiliður hans sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg eða rafræn og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fulltrúar í ungmennaráði geta farið fram á að fá tiltekin mál tekin á dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum í ungmennaráðinu eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ungmennaráðs er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfssvið þess heyrir og gilda hverju sinni.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
3. október 2013

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari